

Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270Mosfellsbær

Reykjavík 12. júlí 2018  
UST201807-040/I.M.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir lagfæringum í Varmá í Mosfellsbæ**

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Mosfellsbæjar, dagsett 4. júlí 2018, um leyfi fyrir framkvæmdum við Varmá í Mosfellsbæ í júlí-ágúst 2018.

Varmá liggur að hluta innan náttúrvættisins Álafoss í Varmá í Mosfellsbæ og er það friðlýst sbr. auglýsing nr. 461/2013. Markmiðið með friðlýsingu Álafoss sem náttúrvættis er að vernda fossinn sjálfan, nánasta umhverfi hans sem og menningarminjar sem tengjast sögu og þróun Mosfellsbæjar. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka náttúrvættisins eru óheimilar, nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslagar nr. 123/2010.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi fyrir framkvæmdum við Álanesskóg við Varmá í Mosfellsbæ. Um er að ræða lagfæringar á skemmdum í Varmá og til að koma í veg fyrir flóð og frekari skemmdir á gróðri, göngustígum og fasteignum við ánnu. Unnið verður við bakka Varmár og þarf því að fara með litlar gröfur út fyrir göngugstíga. Verður reglum Mosfellsbæjar um framkvæmdir á viðkvæmum svæðum í Mosfellsbæ fylgt.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina sem um ræðir ekki líklega til að valda varanlegum neikvæðum áhrifum á hið friðlýsta svæði. Um er að ræða nauðsynlegar aðgerðir til viðhalds á svæðinu og til þess fallnar að tryggja að verndargildi þess rýrni ekki og koma í veg fyrir frekara rof vegna flóða í Varmá.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagfæringum í Varmá að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.

- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.


**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
Sérfræðingur